

Að fá stóma er hrein lífsgjöf:

Lífsgæði einstaklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi

Guðlaug Gunnarsdóttir, Margrét Ingipórsdóttir, Þóra Gunnarsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Elísabet Hjörleifsdóttir, dósent við H.A.

Tilgangur rannsóknarinnar

Langvinnir bólgusjúkdómar í meltingarvegi eru einstaklingum erfiðir og geta skert lífsgæði þeirra, líkamlega, andlega og félagslega. Afleiðing bólgusjúkdómanna getur verið sú að einstaklingarnir þurfa að fá stóma sem getur haft neikvæð áhrif á lífsgæði þeirra. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna lífsgæði fólks sem fengið hafði stóma vegna bólgusjúkdóma í meltingarvegi. Einnig að kanna stuðning og fræðslu sem veittur var og hvernig aðlögun að stómanu hefði gengið.

Aðferðarfræði og þátttakendur

Rannsóknaraðferðin sem notast var við var eigindleg. Rannsóknargagna var aflað með hálf stöðluðum viðtölum (semi structured interviews) við fimm einstaklinga á aldrinum 24-34 ára. Þeir höfðu verið með bólgusjúkdóma í meltingarvegi og í kjölfar þess fengið stóma fyrir að minnsta kosti 12 mánuðum. Þátttakendur voru allir félagsmenn innan Stómasamtaka Íslands. Við greiningu gagna var notuð Grunduð kenning (Grounded Theory).

Niðurstöður

Erfið veikindi vegna bólgusjúkdóma í meltingarvegi skertu lífsgæði þátttakenda verulega.

Lífsgæði voru mun betri eftir að þeir voru komnir með stóma og voru lausir úr viðjum verkja, vanlíðunar og félagslegrar skerðingar sem fylgdi sjúkdómi þeirra.

„... að fara í aðgerð... það er bara það besta sem hefur komið fyrir mig... og náttúrulega miðað við það sem á undan var gengið þá var þetta hálfgert himnaríki...“

(Úr rannsóknarviðtali)

Þakklæti kom sterkt fram þar sem þátttakendur lýstu því sem hreinni lífsgjöf þegar þeir fengu stómað.

Þátttakendur upplifðu erfiðleika við að takast á við stómað í byrjun, meðal annars í tengslum við breytta sjálfsmynd. Þátttakendur náðu þó góðri aðlögun og sátt við stómað.


Almenn ánægja var hjá þátttakendum með fræðslu og stuðning fagfólks í tengslum við stómaísetninguna.

Nokkur atriði komu fram sem hefðu mátt fara betur svo sem að fá skriflegar upplýsingar og að stuðningsteymi sérfræðinga væri ávallt til staðar.

Fram kom að stuðningur fjölskyldu var mikilvægur og einnig jafningjafraeðsla frá Stómasamtökum Íslands.

Lífsgæði einstaklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi

Greiningarlíkan



Ályktun

Niðurstöður gáfu vísbendingu um að sá léttir sem fylgdi því að vera laus við veikindin hafi átt stóran þátt í hve góðri aðlögun þátttakendur náðu og voru sáttir við breytinguna.